

## Fundargerð 4. fundar starfshóps um skólamál á Völlum 2015

Fundardagur: Þriðjudagur 15. desember 2015  
Fundarupphaf: Kl. 8.15  
Staðsetning: Bæjarráðssalur, Strandgötu 6.

Rósa Guðbjartsdóttir stýrir fundi.

Mætt á fundinn:

Adda María, Birkir Einar, Eva Dís, Lars, Magnús, Rósa, Sigrún og Vigfús. Jenný í leyfi.  
Gestur á fundinum var Guðmundur Sverrisson.

Mál sem voru rædd á fundinum:

### 1. mál: **Útfærsla í Hraunvallaskóla 2016-2017.**

Lars kynnti hugmyndir skólastjórnenda grunnskólans hvernig skólastarfið gæti gengið skólaárið 2016-2017 með húsnæðinu á skólalóðinni sem leikskólinn nýtir. Meginhugmyndin væri sú að færa unglingadeildina nánast alla út í nýja húsnæðið og í húsnæðið á Fléttuvöllum en hún þyrfti eftir sem áður að fá eitt kennslusvæði inni (ígildi 2ja-3ja stofa). Við þetta myndi það gerast að betri aðstaða fengist til félagsstarfa/frístundaheimilis í skólabyggingunni. Sömuleiðis væri óskað eftir að unglingadeildin öll (nemendur í 8.-10. bekk og kennarar þeirra) fái spjaldtölvur (nálægt 250 spjöld) og nýtt fjármagn til spjaldtölvuumsjónar. Undirbúningur þess hæfist strax í gegnum nýtt tölvuteymi sem yrði sett á laggirnar, leitað ráðgjafar hjá þeim sem þegar eru komnir af stað með slíkt í grunnskólum og kennarar skólans fái spjöldin sem fyrst en nemendur næsta haust.

Tillaga er frá starfshópnum til fræðsluráðs á þessa leið:

„Starfshópur um skólamál á Völlum leggur til við fræðsluráð að húsnæðismál Hraunvallaskóla skólaárið 2016–2017 verði leyst með lausum kennslustofum sem nú eru nýttar af leikskólanum. Þetta er lagt til í fullu samráði við skólastjórnendur Hraunvallaskóla.

Jafnframt leggur hópurinn áherslu á að undirbúningi að nýjum leik- og grunnskóla verði flýtt og hönnun hans sett af stað flótlega á næsta ári svo fyrsti áfangi hans verði tilbúinn til notkunar haustið 2017. Stofnaður verði starfshópur skipaður hagsmunaaðilum sem hafi það hlutverk að móta skólagerð og áherslur og hugmyndafræði skólans.“

Tillagan fari síðan til kynningar og umsagnar meðal starfsmanna og skólaráðs skólans.

Óskað er eftir að Lars skólastjóri komi á fræðsluráðsfund á morgun.

Önnur mál voru ekki rædd á fundinum.

Starfshópurinn telur sig hafa lokið störfum með tillögu sinni og telur hlutverki sínu þar með lokið.

Fundarslit kl. 8.55.

Fundarritun: Vigfús Hallgrímsson.